

Verkefni í SÁL313. (gildir 30%)

Í grófum dráttum felst verkefnið í því að nemendur kynna sér einhverja starfsemi sem felst í því að þjónusta fatlaða eða aðstandendur þeirra. Settur verður fram listi (sjá meðfylgjandi skjal) með stofnunum, samtökum, félögum o.s.frv. sem snúast um fatlaða og nemendur velja viðfangsefni af þessum lista. Þeir nemendur sem hafa áhuga á því sama veljast saman í hóp. Nemendur skulu þó velja 1-2 viðfangsefni til vara til að reyna tryggja það að ekki verði of margir í hóp. Miðað er við að það séu ekki fleiri en fjórir í hóp.

Nemendur í hverjum hóp skulu saman afla sér upplýsinga um viðkomandi starfsemi með því að skoða heimasíðu, fara í heimsókn o.s.frv. Nemendur hvers hóps skulu síðan kynna starfsemina fyrir öðrum nemendum í SÁL313. þ.e. flytja fyrirlestur. Þegar fyrirlestur er lokið skal hver og einn nemandi skila heimildaritgerð um starfsemina sem fjallað var um í þeim hóp sem hann var í.

Mælt er með að eftirfarandi efnisþættir (ef við á) séu teknir fyrir í fyrirlestri og ritgerð.

- Fyrir hverja er starfsemin
- Saga starfseminnar (Hvert var tilefnið, frumkvöðlar, hvenær stofnað o.s.frv.)
- Hlutverk og markmið
- Fjármögnun og rekstur
- Í hverju felst starfsemin
- Hvað hefur áunnist og hver er framtíðin (hvað er framundan. Mun starfsemin haldast óbreytt)
- Lokaorð

Fyrirmæli fyrir fyrirlestur

1. Skipta með sér verkum en athuga samt vel að samræma sig svo ekki verði um skörum eða tvítekningar að ræða
2. Hafa samband við aðila á viðkomandi stað/stofnun og athuga hvort hægt sé að koma í viðtal og/eða skoða starfsemina
3. Gæta skal að því að hafa fyrirlestur ekki of langan og heldur ekki of stuttan. Miða skal við styst 10 mínútur og lengst 20 mínútur
4. Skulu allir hópmeðlimir taka þátt í fyrirlestrinum, þ.e skiptast á að tala
5. Draga skal út aðalatriði og setja þau á glæru, skjávarpa eða skrifa á töfluna og skýra þau síðan nánar.
6. Að loknum fyrirlestri skulu flytjendur gefa hlustendum færi á að spyrja spurninga um viðfangsefnið og svara þeim eftir bestu getu.

Fyrirmæli fyrir ritgerð

1. Ritgerðin skal vera einstaklingsverkefni en nemendur geta skipst á efni til að vinna úr sem þeir hafa viðað af sér og unnið úr fyrir fyrirlestur
2. Vitna skal í heimildir samkvæmt viðurkenndum reglum, þ.e með tilvísunum í texta og setja skal fram heimildaskrá
3. Skal skipta ritgerðinni í kafla á viðeigandi hátt, t.d með efnispættina hér að framan í huga.
4. Textinn skal vera með einu og hálfu línubili

Listi viðfangsefna sem nemendur geta valið

Starfsemi á vegum ríkisins í þeim tilgangi að fylgja eftir lögum um málefni fatlaðra nr.59/1992

1. Svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra (Reykjavík, Reykjanesi o.s.frv.)
 - Stuðningsfjölskyldur, skammtímavistun
 - Heimili fyrir börn, sambýli
 - Stuðningu við atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkað
 - Vinnustaðir
 - Fagleg ráðgjöf
2. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
 - Greining á fötluðum og ráðgjöf til foreldra og meðferðaraðila
3. Heyrnar- og talmeinastöðin
 - Forvarnir
 - Fræðsla og rannsóknir
 - Heyrnarmæling og sjúkdómsgreining
 - Meðferð við heyrnar- og talmeinum
 - Útvegum á heyrnartækjum, viðhald og viðgerðir
 - Ráðgjöf, þjálfun og endurhæfing
4. Samskiptamiðstöð heyrnaskertra og heyrnarlausra
5. Sjónstöð Íslands

Stofnanir fyrir þroskahefta

6. Styrktarfélag vangefinna og stofnanir þess
 - Verndaðir vinnustaðir (T.d Ás og Bjarkarás)
 - Sambýli og þjónustuíbúðir
 - Dagvist að Lyngási
7. Sólheimar í Grímsnesi (sambýli, vinnustaður, félagslíf)
8. Skálatúnsheimilið í Mosfellsbæ (sambýli)
9. Tjaldanesheimilið (sambýli)
10. Kópavogshæli (sambýli)

Félög öryrkja og fatlaðra

11. Öryrkjabandalagið

- Starfsþjálfun
- Vinnustaðir
- Lögfræðiaðstoð
- Tímaritsútgáfa
- Tölvumiðstöð

12. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra

- Æfingarstöðin Háaleitisbraut
- Reykjadalur í Mosfellssveit (sumardvöl fyrir fötluð börn)

13. Landssamtök Þroskahjálp

- Hagsmunabaráttá og fræðslustarf
- Gistiheimili
- Sambýli

14. SÍBS

- Endurhæfingarstöð Reykjalandi
- Múlalundur (verndaður vinnustaður)
- Sambýlið Hlein

15. Sjálfsbjörg

- Sjálfsbjargarhúsið Hátúni 12 (vinnu- og dvalarheimili)
- Ferlimál (ferðaþjónusta og sérmerkt bílastæði)
- Dagvist fatlaðra
- Endurhæfingarstöð á Akureyri

16. Sjónarhóll

- Ráðgjöf fyrir foreldra fatlaðra barna

17. ADHD samtökin

- Fræðslustarfsemi
- Útgáfa fræðslurits
- Stuðningshópar

18. Félag heyrnalausra

- a. Félagsstarf
- b. Útgáfa táknmálsbókar o.fl

19. Blindrafélag Íslands

- Starfsemin að Hamrahlíð 17, hljóðbókargerð, vinnustofa, félagsstarf o.fl
- Sambýli, leiguíbúðir

20. Íþróttasamband fatlaðra

21. Geðhjálp

- a. Sjálfshjálparhópar
- b. Félagsmiðstöð
- c. Hagsmunagæsla

Skólastarf fyrir fatlaða

- 22.** Þjónusta við fötluð börn í leikskólum
 - Múlaborg við Ármúla og Sólborg í Öskjuhlíð
- 23.** Sérskólar fyrir fötluð börn á grunnskólaaldri
 - Öskjuhlíðarskóli fyrir þroskaheft börn
 - Safamýrarskóli m.a. fyrir fjölfötluð börn
 - Brúarskóli
- 24.** Sérdeildir í almennum grunnskólum, t.d. í Hlíðaskóla fyrir heyrnarskert börn
- 25.** Starfsbrautir í framhaldsskólum fyrir fatlaða
 - T.d. í FÁ (Starfsbraut 3 fyrir fjölfatlaða, staðsett í Lyngási), Borgarholtsskóla, FB o.fl.